

Þorsteinn Þorsteinsson byggingameistari

Afhending 2011/87

Þorsteinn Þorsteinsson fæddist 16. júní 1887 á Skipalóni í Glæsibæjarhreppi. Hann var gjarnan kallaður Steini frá Lóni af vinum sínum. Hann lést á Landsspítalanum í apríl 1944. Þorsteinn ólst upp að miklu leyti á Skipalóni en einnig á Möðruvöllum þar sem faðir hans annaðist bú.

Ungur að árum fluttist Þorsteinn til Akureyrar til að nema trésmíði hjá Sigtryggi Jónssyni, byggingameistara. Eftir að Þorsteinn lauk því námi sinnti hann starfi byggingameistara til æviloka. Hann kom að byggingu ýmissa bygginga, s.s. Akureyrarkirkju, Íþróttahússins við Laugargötu og húsi Pósts og síma við Hafnastræti.

Þorsteinn var alla tíð viðriðinn menningar- og skemmtiviðburði. Hann var einn fremsti skákmaður Akureyrar á tímabili og árið 1922 var hann einn stofnenda karlakórsins Geysis. Hann sat jafnframt í stjórn kórsins um árabil og var formaður hans í 12 ár.

Afhendingin kom frá Minjasafninu á Akureyri. Ekki hafa komið fleiri afhendingar frá sama skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

28. nóvember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.	
Þorsteinn Þorsteinsson (1887-1944), byggingameistari			2011 / 87	
A-Þorsteinn Þorsteinsson				
A-Þorsteinn Þorsteinsson			1937 - 1944	
2011 -	A / 1	1	1944- 1944	Minningarkort, Þorsteinn Þorsteinsson.
2011 -	A / 1	2	1937- 1943	Símskeyti til Þorsteins Þorsteinssonar.